

Fornleifakönnun að Útskálum



Guðrún Alda Gísladóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS303-06092

Reykjavík 2006

Mynd á forsíðu: Útskálastaður úr norðvestri. Horft yfir könnunarsvæðið.

Mynd tekin í desember 2005.

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Kynning.....	4
Skurðir A-E: Þúst GK-080:039.....	6
Skurðir F-G: Sundið milli bæjarhóls GK-080:001 og rústar GK-080:038.....	13
Svæði H: Hluti svæðis milli útihúss og kirkjugarðs GK-080:002 og norðurhlið bæjarhóls GK-080:001.....	17
Samantekt.....	19
Fundir – Fundaskrá.....	21
Jarðlagaskrá.....	23

Á tímabilinu 10. janúar til 9. mars 2006 fór fram fornleifakönnun á og við bæjarhól Útskála í Garði. Könnunin var gerð að beiðni Menningarseturs að Útskálum ehf. og var verkið unnið af Fornleifastofnun Íslands.



1. mynd. Útskálar, Útskálakirkja og útihús. Könnunarsvæðið var norðan og norðaustan við bæjarhól Útskála. Horft til suðausturs


Verkið fór fram í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga var kannað hvort óregluleg þúst, kölluð *GK-080:039* í deiliskráningarskýrslu¹, væru af mannavöldum eða ekki. Í öðrum áfanga var svæðið milli útihúss og kirkjugarðs skoðað og í þeim þriðja hversu djúpt væri niður á mannvistarleifar við norðurhlið bæjarhólsins og hver mörk hólsins væru. Þá um leið var sundið milli bæjarhólsins og rústa *GK-080:038* kannað. Voru skurðirnir grafnir með skurðgröfu en þær fornleifar sem komu í ljós á könnunarsvæðunum voru aðeins afhjúpaðar en ekki grafið í þær. Allar mannvistarleifar voru skráðar skv. venjubundnum aðferðum.

Tilfni fornleifakönnunarinnar eru fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir á staðnum.


Þúst GK-080:039

Rannsóknarsvæðið var norðaustan og norðan við bæjarhólinn (sjá 2.-3. mynd). Fyrst var þúst *GK-080:039* könnuð. Hún er allstór u.þ.b. 30x40 metra stór en könnunin takmarkaðist við syðri hluta hennar en á því svæði er áhugi fyrir að hefja framkvæmdir. Markmiðið var að ganga úr skugga um hvers eðlis þúst þessi væri, þ.e.a.s. hvort hún væri náttúruleg eða af mannavöldum og ef hægt væri að sjá um hvers kyns mannvirki væri að ræða.

¹ Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. *Útskálar í Garði. Deiliskráning* (Skýrsla FS291-05102). Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2005.



2. mynd. Bæjarstæði Útskála. Minjastaðir merktir inná loftmynd frá 1983. ©Landmælingar Íslands.




3. mynd. Uppmæling af Útskálum og könnunarsvæðunum.


Grafnir voru 4 könnunarskurðir en í reynd eru skurðirnir 5 því haustið 2005 var tekið upp úr lagnaskurði sem grafinn var í gegnum svæðið fyrir nokkrum árum. Skurðirnir sem teknir voru í fyrsta áfanga kallast frá austri til vesturs A, B, C (lagnaskurður), D og E. (sjá mynd 3). Í öllum skurðunum voru einhverjar mannvistarleifar.

Könnunarskurður A: 6,3x1m stór og liggur í SSA–NNV. Skurðurinn var tekinn af mörkum hóls GK-080:001 niður í dæld, sem er innan þústahrúgalds GK-080:039. Mannvistarleifar í komu í ljós á um það bil 20 cm dýpi, einkum næst bæjarhólnum en þær voru mjög raskaðar: blönduð lög af grús, brenndum beinum, skeljaleifum, óbrenndum beinum og nútíma leirkersbrotum og gleri. Um það bil 80 cm undir grasrót sást einhverskonar torfrusl, sjá jarðlag [006] og þunnt kolalag [007] þar undir. Þessi mannvistarlög virðast vera á öröskuð (*in situ*) og ekki vera hluti bygginga. Þau virðast vera úrgangur af því tagi sem eðlilegt er að finna nálægt mannabústöðum og berst frá slíkum stöðum.

Eftirfarandi jarðlög komu í ljós í skurði A:

Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
001	Yfirborðslag (grasrót)
002	Moldaruppfylling (svólítið grúsblönduð). Tengist að líkindum mótun bæjarhólsins. Svipað 008.
003	Svartleit lífræn mold
004	Einsleitt, ormsmogið rauðbrúnt lag
005	Blandað lag með torfsneplum
006	Torf - torfhrun. Í því er gróf svört gjóska.
007	Þunnt viðarkolalag (u.þ.b. 5mm)
025	Óhreyft. Fokmold og sjávarmöl







Könnunarskurður B: 15,7x1m stór og liggur í SSA–NNV . Hann var tekin í dæld innan þústahrúgalds *GK-080:039*. Mannvistarleifar komu í ljós á um 30 cm dýpi. Voru þær einkum upp við bæjarhólinn en mjög raskaðar: blönduð lög af grús, brenndum og óbrenndum beinum og skeljabrotum. Gjóskulag [010] er óraskað og undir því er hreyft lag [011] með kolaögnum (<1%). Þar undir er fokmold og sjávarmöl. Mannvistarlæg [009] og [011] virðist af sama tagi og lýst er í skurði A, þ.e.a.s. að vera úrgangur af því tagi sem eðlilegt er að finna nálægt mannabústöðum og þau voru að sjá í öllum skurðinum. (Skurður B lenti síðar inn á svæði H síðar, sjá umfjöllun um það svæði).

Eftirfarandi jarðlög komu í ljós í skurði B:

Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
001	Yfirborðslag (grasrót)
008	Blandað leirkennt svarbrúnt lag, grús. Í því einstaka fúíð bein (<1%), skeljabrot. Svipað 003
009	Brúnt blandað leirkennt moldarlag með kolaögnum og gjóskublettum. Sama gjóska og í lagi 10
010	Gjóska gráleit grófkornuð 1-2 cm þykk og deyr út eftir því sem norðar dregur.
011	Hreyft dökkleitt lag. Beinleifar (<1%) og einstaka kolamolar/agnir (<1%)
025	Óhreyft. Fokmold og sjávarmöl



6. mynd. Flatarteikning af könnunarskurði B. Mörk jarðлага táknuð með blárri útlínu. Steinar eru skástrikaðir.



7. mynd. Sníðteikning af könnunarskurði B, vestursnið.

Könnunarskurður C: Haustið 2005 var tekið upp úr hluta lagnaskurðar sem liggur að mestu í dæld NA frá Útskálabæjarhólnum. Jarðvegur var tekinn upp úr skurðinum á rúmlega 20 m löngum kafla, niður að lögninni og er breidd skurðarins um 1 m. Snið voru hreinsuð á stöku stað en ekki grafið niður fyrir lögnina. Mannvistarleifar komu í ljós um það bil 10 cm undir yfirborði, mjög raskaðar, líkar jarðlögum [002, 003 og 008]. Einnig var að sjá stóra grjóthnullunga, líklega hleðslugrjót sem var úr lagi gengið. Í sniðunum mátti sjá röskuð mannivistarlög undir grasrót í öllum skurðinum, svipuð þeim sem hér eru nefnd að framan. Að öllum líkindum hefur þó verið grafið niður á óhreyft fyrir lögninni eftir því sem fjær dregur bæjarhólnum enda er ekki djúpt niður í sjávarmöl sé tekið mið af skurðum A og B. Aðflutta grjótið mátti sjá á tæplega 5 m kafla frá SV-enda skurðarins (frá bæjarhól GK-080:001). Dýpstur er skurðurinn upp við bæjarhólinn, 1 m en um 0,3 m NA.



8. mynd. Lagnaskurður C. Horft eftir skurðinum til suðvesturs – að bæjarhólnum. Í botni skurðarins í lögnina og í sniðunum aðflutt grjót.

Könnunarskurður D: Er 16,6x2 metra stór og liggur í SSV–NNA. Hann var tekinn yfir allmikla bingu á vestursvæði GK-080:039. Komu fornleifar í ljós um leið og grasrót var flett ofan af (á u.þ.b. 15-20 cm dýpi): veggheðslur, kolalög, brennd og óbrennd bein auk nokkurra gripa. Ljóst er að þessi hluti GK-080:039 er mannvirki og þarna hefur verið bær eða útihús.

Eftirfarandi jarðlög komu í ljós í skurði D:


Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
012	Kolaríkt, aska og móaska. Skeljabrot og óbrennt beinarusl (<2%)
013	Dökkbrúnt grófkornað lag með skeljasandssmiti (<1%)
014	Torfkennt dökkbrúnt og gróft með gulrauðleitum skellum. Skeljasandssmit (<1%)
015	Mikill skeljasandur, fok inní opna tóft? Óbrenndar beinaleifar (<5%) um allt og yfir steinum í suðurenda lags - magnið minnkar í suður
016	Allt að 5 cm þykkt lag af smáu beinarusli. Úrkast af beinum - langmest fiskibeinum. Skeljar, kuðungar og þang?
017	Dökkbrúnn fremur gróft malablandað lag. Torflegt, hrun? Skeljasandssmit (<1%), brennd bein (<1%), kolaagnir (<1%)
018	Rauðgulbrún mold með torfrusli. Brennd bein (<2%) skeljabrot (<1%) og kolamolar (<1%)



9. mynd. Efri mynd til vinstri: Þústin sést vel. Verið er að vinna í skurði D. Skurður C er næst og E fjærst. Horft í norður.

10. mynd: Efri mynd til hægri. Beinamylna í skurði D, sjá jarðlag númer [016].

Mynd 11. Neðri mynd. Horft eftir skurðinum til NNA. Stikan er 2 metra löng. Fremst sést beinaríka lagið [016], þá grjóthleðslur og ljósa skeljasandslagið [015].




12. mynd. Flatarteikning af könnunarskurði D. Bláar línur tákna mörk jarðlaga. Steinar eru litaðir. Mest áberandi eru þrjár steinaraðir sem liggja nálægt stefnunni A-V í og við jarðlag [014], milli [015] og [016] og svo í jarðlagi [017].

Í skurðinum fundust auk mikils magns dýrabeina nokkrir gripir frá u.þ.b. miðri 18. – 19. öld. Það eru hæll af hollenski krítarpípu (frá Gouda) auk leirkersbrota þ.m.t. kínverskt postulín. Eins og algengt er, eru efstu jarðlögin í skurðinum, neðan [001], mjög röskuð t.d. [012], [016] og [015]. Alsiða var að henda úrgangi í tóftir húsa sem hætt var að nota. Það hefur að að öllum líkindum verið gert þarna og efstu röskuðu jarðlögin þannig til komin. Auk þess gæti eitthvað af gripum og beinum hafa rótast upp úr eldri lögum vegna ágangs t.d. skepna.


Könnunarskurður E: Er um 17x2 metra stór og liggur í SSV–NNA. Hann var tekinn yfir sömu bungu og skurður E en vestar og náði niður á jafnsléttu neðan við bunguna. Var það gert til að kanna hvar mörk hólsins væru. Uppi á bungunni var það sama uppi á teningnum og í skurði D, fornleifar komu í ljós um leið og grasrót [001] var flett ofan af. Mörk hólsins eru u.þ.b. 5 metra frá SV enda könnunarskurðarins (sjá mynd 3) þar er aðeins hrein fokmold í sniðunum alveg niður í sjávarmöl.

Eftirfarandi jarðlög komu í ljós í skurði E:

Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
001	Yfirborðslag (grasrót)
019	Torfhrun? Brúnt með rauðum blæ. Sendið með smáum völum. Brenndur viður (<10%), brennd bein (<5%), óbrennd bein (<2%), kol (<5%).
020	Blandað lag undir grasrót, sendið og svartleitt. Bein (<2%) , kol (<5%)
021	Rauðleit hreyfð mold efst en verður svarleitaria og líkara [019] á neðri hluta, en einsleitaria og hreinna. Torfblendingur.
022	Sendið svartleitt lag með brúnum flekkjum. Dreif af stórum viðarbrotum (<10%), brennd bein (<5%), óbrennd bein (<2%).
023	Rauðleitur hreinn en hreyfður jarðvegur. Einstaka óbrennt bein (<1%).
024	Móöskulag með kolaögnum
025	Óhreyft. Fokmold og sjávarmöl



13. mynd. Flatarteikning af skurði E. Bláar línur tákna mörk jarðlaga og steinar eru litaðir. Hleðslugrjót sést í NA enda skurðarins og líklega hrun, sjá jarðlag [019]. Á rúmlega 10 metra löngum kafla var skurðurinn grafinn niður í óhreyfð lög [025].



14. mynd. Sniðteikning af skurði E, suðaustursnið. Yfir óhreyfða laginu [025] var móóskulag blandað kolaögnum. Það var mest um 5 cm þykkt.


Skurður F og G – sundið milli bæjarhóls GK-080:001 og rústar GK-080:038

Skurður F: Er um 33x1,5 metra stór og liggur í SA – NV. Hann nær ofan af bæjarhól og að NA horni rústar GK-080:039. Röskuð jarðlög [026-027] eru niður á u.þ.b. 1 m dýpi í SA- enda skurðarins, þau tengjast mótun bæjarhólsins. Hvergi eru alveg óhreyfð lög í skurðinum milli bæjarhóls GK-080:001 og rústar GK-080:038, sjá lýsingu lags [028] en mannvistarleifarnar eru svipaðar því sem lýst var í skurðum A

og B, af því tagi sem eðlilegt er að finna nálægt mannabústöðum og berst frá slíkum stöðum.

Eftirfarandi jarðlög komu í ljós í skurði F:


Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
001	Yfirborðslag (grasrót)
026	Mjög blandað lag, svartleitt. Í því eru skeljabrot, grús, leirkersbrot og óbrennt beinarusl (<2%). Mjög líkt [002].
027	Skeljasandsblönduð mold og óbrenndar beinaleifar mjög fúnar (<1%)
028	Ljósbrún mold (fokmold), hreyfð og í laginu eru kolaagnir. Liggur ofan á óhreyfðu [025]




Skurður G: Er um 32,5x1,5 metra stór og liggur samsíða skurði F í SA – NV. Hleðsla [030] kom í ljós á 30 cm dýpi en engar torfhleðslur sáust í kringum hana. Sniðin voru gaddfreðin svo ekki var hægt að sjá greinilega mun á jarðvegi kringum steinahleðsluna (veggur, garður?). Ljóst var þó að mjög raskaður jarðvegur var beggja megin hleðslunnar þó e.t.v. ekki eins grúsblandað að NV-verðu. Líklega er þó hleðsla þessi ekki mjög gömul og hafa 19. – 20. aldar lög safnast í kringum hana, og hleðslan fer ofan í lag [031] sem virðist á sínum stað óröskuð (*in situ*)

Eftirfarandi jarðlög komu í ljós í könnunarskurði G

Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
001	Yfirborðslag (grasrót)
029	Blandað dökkbrúnt lag (grús, bein, skeljar, 19. aldar leirkersbrot). Mjög raskað
030	Grjóthleðsla
031	Leirkennt lífrænt (feitt) svartleitt lag. Í því kol og bein (brennd og óbrennd). Ruslag?
032	Blanda af steinum, skeljasandi og mold. Við litla bæjarhólinn 038.
025	Óhreyft. Fokmold og sjávarmöl





17. mynd. Sniðteikning af könnunarskurði G, suðvestursnið. Vegna þess hve jarðvegurinn var freðinn voru samhengi jarðlaga [029] og steinahleðslu [030] mjög óljós. Ekki virtist vera torf í kringum hleðsluna.


Lag [031] nær u.þ.b. 11 metra frá SA-skurðenda. Þar NV við samanstanda jarðlögin af grasrót [001] og fokmold með kolaögnum, svipað [028]. U.þ.b. 5 metra frá graskraga rústar *GK-080:038* fóru greinilegar mannvistarleifar að koma í ljós, sjá lag [032] og myndir 18 og 19.



18. mynd t.v. Í SA-enda skurðar G, horft í NA. Veggheðsla [030] sýnileg í sniðinu. Skalinn er 1 metri.

19. mynd. Horft af rústahól *GK-080:038* til SA eftir skurðinum. Fremst er skeljasandsblandað lag [032] svo óhreyft [025] en dökkur stallur í fjarska er [031].

Svæði H er hluti svæðis milli útihúss og kirkjugarðs *GK-080:002* og norðurhlíð bæjarhóls *GK-080:001* í beinni stefnu við enda útihúss sem stendur á bæjarhólnum. Á þessu svæði var skoðað hversu djúpt var niður á mannvistarleifar við norðurhlíð bæjarhólsins og hvort hægt væri finna mörk hólsins. Hluti svæðisins nær yfir könnunarskurð B. Fylling svæðis H er mold, grús, sandur og steypuklumpar.



20. mynd. Svæði H. Bláar línur tákna mörk jarðlaga. Rauðar tákna útlínur skurða B og C.

Undir grúsar – og moldaruppfyllingunni komu í ljós ýmis steinsteyptr mannvirki svo sem súrheysturn (frá því um miðja 20. öld) og tveir brunnar. Einnig talsvert af lögnum og köplum sem skera aðallega jarðlag [037] auk annars brunnsins). Jarðlag [035] var skorið af súrheysturninum og gryfju [033/034] en í henni var nokkuð af leirkerabrotum frá 19.-20. öld (sjá gripi númer 026 í fundalista). Á SA hluta svæðisins voru óröskuð jarðlög, *in situ*, um 1,5 m undir yfirborði og á SV hluta voru 1,6 m niður á óraskað en en mun grynna eftir því sem norðar dró, 0,2 m nyrst.

Eftirfarandi jarðlög voru skráð á svæðinu:

Númer jarðlags	Lýsing jarðlags
033	Fylling í gryfju [034], innihélt seinni hluta 19.- 20. aldar leirkersbrot.
034	Gryfja fyllt með [033]
035	Mannvistarlag. Torfsneplar, kolaflekkir, móöskuflekkir.
036	Steinaröð.
037	Mannvistarlag. Torfsneplar.
038	Kolalag með beinum
025	Óhreyft. Fokmold og sjávarmöl



21.mynd. Efri tv. Horft til SA. Útihúsið sést á myndinni og hve niðurgrafið það er.


22.mynd. Efri th. Steinhleðsla [036]

23.mynd. Neðri tv. Horft til NV. Ljósbrúna lagið er [025], nær er lag [038].

24.mynd. Neðri th. Horfti til N. Brunnur og skurður D í baksýn. Verið að hreinsa lag [037]. Framan við brunninn sést svartleitt lag, það er að líkindum lagnaskurður.

Samantekt

- Þústasvæði *GK-080:039* er óreglulegt í laginu og svæðið mishæðótt. Þar sem skurðir A og B voru teknir er lægð á svæðinu og þar virðast ekki vera miklar né þykkar mannvistarleifar (sjá einnig umfjöllun um svæði H en skurður B lenti inn á því svæði). Þar sem skurðir D og E eru, er þústin hæst (um 5,4 m.y.s) og þar komu byggingarleifar strax í ljós þegar sverði var flett ofan af Gripirnir sem fundust í skurði D eru elstir þeirra sem fundust við könnunina, sumir frá miðri 18. – 19. öld. Skurður C er í lægð rétt eins og A og B en er fast við rústabunguna (sjá 9. mynd) og hefur að öllum líkindum verið farið í gegnum lög frá rústinni þegar skurðurinn var tekinn. Ekki er hægt að fara nær rústabungunni en að skurði C án þess að skerða hana.
- Í sundinu milli bæjarhóls *GK-080:001* og rústahóls *GK-080:038* virðast ekki vera mannvirki skv. skurðum F og G en merki um mannvist má finna niður að sjávarmöl. Rústahóll *GK-080:038* er þó u.þ.b. 5 metrum stærri en sýnist á yfirborði eins og kom í ljós í NV enda skurðar G. Á grænritaða svæðinu (sjá 25. mynd) eru ekki mannvirki en merki um mannvist eins og alltaf eru nálægt mannaþústöðum.



25. mynd. Grænu skástrikin sýna svæðið í sundinu milli bæjarhóls Útskála *GK-080:001* og rústahóls *GK-080:038* þar sem ekki eru mannvirki þó þar séu merki um mannvist.

- Í skurði G var komið niður á hleðslu [030] í u.þ.b. 5 m.y.s. í SA- enda. Í SA enda skurðar F voru óröskuð mannvistarlög í u.þ.b 4,5 m.y.s.
- Á svæði H var komið niður á óraskaðar mannvistarleifar og mannvirki, hleðslu [036], 1,5 m undir núverandi yfirborði (syðst) og eru mannvistarleifarnar í u.þ.b. 4 - 4,5 m.y.s. Í mannvistarlögnum sást kol, móöska, torf og dýrabein en nánari rannsókn þarf til að kanna þykkt þeirra og eðli en lögin virðast þykkna eftir því sem nær dregur bæjarhólnum. Eina áreiðanlega mannvirkið sem sást á svæði H var steinaröð [036], austast á svæðinu.

Á öllu könnunarsvæðinu voru merki um mannvist. Mörg mannvistarlaganna virðast vera af því tagi sem eðlilegt er finna nálægt manabústöðum og er úrgangur sem berst frá slíkum stöðum. Um þykkt og eðli þessara mannvistalaga er ekki hægt að skera úr um nema með frekari rannsókn. Ekki er ljóst hvort/hversu mikið af þessum mannvistarlögum og mannvirkjum þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra byggingaframvæmda. Ljóst er þó að gera þarf ráðstafanir umhverfis rústir *GK-080:038* og *GK-080:039* svo þær verði ekki fyrir raski af völdum framkvæmdanna. Fornleifavernd ríkisins ber að ákvarða með hvaða skilyrðum framhald framkvæmdanna verður með tilliti til fornleifa.

Að verkinu unnu auk skýrsluhöfundar: Hákon Jensson, Hildur Gestsdóttir, Howell M. Roberts, Oddgeir Hansson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir. Gavin Lucas leit á leirkersbrotin. Gröfumaður var Einar Tryggvason.

Fundir

Við könnunina fundust 90 brot af a.m.k 65 mismunandi gripum. Gripirnir sem fundust spanna tímabilið frá u.þ.b. miðri 18. öld til 20. aldar. Af vettvangi voru tekin 11,5 kg af dýrabeinum m.a. úr fiskum, kindum og stórgripum. Þau verða nánar greind síðar.

Fundaskrá

Fundanúmer	Svæði	Jarðlag	Efni	Tegund	Vigt (g)	Fjöldi	Notes
1	A	1	Gler	Brot	80	17	19. - 20. aldar brot. 11 þunn rúðubrot frá 20. öld (vélgerð). 3 græn flöskubrot (a.m.k. af 2 flöskum), 1 rautt ílátsbrot með grófu netamynstri, 2 glær þykk brot, ekki af sömu gerð, annað líklega rúðugler (með loftbólum).
2	A	1	Leir	Ílát	14,5	3	19. aldar brot. 1 jarðleirsbrot brúnglerjað að innan, 1 hvítt óskreytt postulínsbrot og 1 hvítglerjað leirkersbrot.
3	A	1	Steinn	Brot	37	2	A) Hvítt, hart, kantað brot, slétt á einni hlið en gróft á hinni. Kalk? B) Eldbrunnið brot af þakskífu?
4	A	1	Koparblanda	Þynna	4,5	1	Ílangt bogið þynnubrot. Hlutverk óvíst
5	A	1	Járn	Ýmislegt	234,5	8	2 plötur, 3 vírar, 2 brotnir naglar vélgerðir (eftir 1890) og þynna (gluggakarmur?).
6	A	1	Bein	Matarúrgangur	1778	x	1 stór poki
7	B	0	Járn	Hringja	88	1	Heil, einföld fremur stór hringja, gjarðahringja? Breikkar frá ásenda.
8	C	1	Bein	Matarúrgangur	436	x	1 stór poki
9	F	26	Leir	Ílát	42	7	19. aldar brot. 6 brot af hvítglerjuðum ílátum, 1 brot af steinleirsílati, líklega ekki eldra en 19. öld.
10	D	1	Bein	Matarúrgangur	7093	x	3 1/2 stórir pokar
11	D	1	Leir	Ílát	42	8	18.-19. aldar brot. 4 brot af grænglerjuðum jarðleir, 2 brot af skreyttu ílati, 1 brot af hvítglerjuðum steinleir, 1 brot af kínversku postulíni, 18. öld?.
12	D	1	Leir	Krítarpípa	3,41	2	Tvö pípubrot sem ekki eiga saman. A) Lítið hælbrott og á honum er framleiðslumerkið MA undir þrískiptri kórónu. Það eru upphafstafir Machiel Brem. Hollenskt frá borginni Gouda, frá því um miðja 18. öld. B) Einkennalaus leggur, fíngerður.
13	D	1	Gler	Ílát	12	3	Smábrot af 3 ólíkum ílátum.
14	E	1	Bein	Matarúrgangur	1305	x	1 stór poki

15	D	1	Járn	Nagli	45	3	Tveir venjulegir naglar með brotinn legg og einn rónagli (bátsnagli). Mjög ryðgaðir.
16	D	1	Koparblanda	Þynna	22	3	Þynnur, tvær samkvæðlaðar með rifna eða klippta kanta. Allar með kringlóttum götum, nagli á einum stað. Hlutverk óvíst.
17	E	1	Leir	Ílát	2,2 2	2	19. aldar brot. Hvítglerjuð leirkersbrot.
18	E	1	Koparblanda	Þynna	32, 5	4	1 brotið er samsett af tveimur þynnum og fest saman með nöglum. 3 brotanna hafa með klipptar brúnir.
19	F	1	Bein	Matarúrgangur	898	x	1 stór poki
20	F	1	Járn	Kengur	7,5	1	U-laga, mjókkar fram armana. Flatur á hliðum.
21	G	1	Gler	Flaska	107	1	Græn lítil glerflaska undan sólarvörn. Þýsk, frá því í kringum 1935. Á botni hennar stendur: Pigmentan 50 ccm.
22	G	0	Bein	Unnið bein	1	1	Íhvolft smábrot með fíngerðu munstri? Hugsanlega hefur það prentast á brotið í jörðinni.
23	A	1	Leir	Óþekkt	105	1	Íhvolft brot með sagaðri brún. Efnið er ljósrauðbrúnt (flekki) og gróft áferðar.
24	A	1	Samsett	Hnífur	77, 5	1	Hnífur með viðarskafti. Járnhólkur (hjalt) er milli skafts og blaðs - og stallur frá tanga að blaði. Báðir endar brotnir, bæði hnífblað og handfang. Talsvert ryðgaður.
25	F	29	Leir	Ílát	54	4	19. aldar brot. Úr 4 mismunandi ílátum: skálar og bollar.
26	H	33	Leir	Ílát	476	17	17 brot úr a.m.k. 8 ílátum: Undirskálar, bollar, súpuskál?. Af ýmsum stærðum og gerðum. Frá seinni hluta 19.-20. aldar.



26. mynd. Tv. Mynd af glerflösku ÚTS06-021.

Undan sólarvörn/áburði.

27. mynd. Th. Mynd af samkonar flösku frá fyrirtækinu Pigmentan© í Þýskalandi. Myndin er fengin af heimasíðu fyrirtækisins:

www.pigmentan.de.

Auglýsingabæklingarnir eru frá því 1935. Þar stendur:

Zur lichtbiologischen Hautpflege fördert die natürliche Braunung der Haut, schützt gegen Sonnenbrand

Jarðlagaskrá

Númer jarðlags	Sv æði	Lýsing jarðlags
1	A-H	Yfirborðslag (grasrót)
2	A	Moldaruppfylling (svoltíð grúsblönduð). Tengist að líkindum mótun bæjarhólsins
3	A	Svartleit lífræn mold
4	A	Einsleitt, ormsmogið rauðbrúnt lag
5	A	Blandað lag með torfsneplum
6	A	Torf - torfhrun. Í því er gróf svört gjóska.
7	A	Þunnt viðarkolalag (u.þ.b. 5mm)
8	B	Blandað leirkennt svarbrúnt lag. Í því einstaka fúíð bein (<1%).
9	B	Brúnt blandað leirkennt moldarlag með kolaögnum og gjóskublettum. Sama gjóska og í lagi 10
10	B	Gjóska gráleit grófkornuð 1-2 cm þykk og deyr út eftir því sem norðar dregur.
11	B	Hreyft dökkleitt lag. Beinaleifar (<1%) og einstaka kolamolar/agnir (<1%)
12	D	Kolaríkt, aska og móaska. Skeljabrot og óbrennt beinarusl (<2%)
13	D	Dökkbrúnt grófkornað lag með skeljasandssmiti (<1%)
14	D	Torfkennt dökkbrúnt og gróft með gulrauðleitum skellum. Skeljasandssmit (<1%)
15	D	Mikill skeljasandur, fok inní tóft? Óbrenndar beinaleifar (<5%) um allt og yfir steinum í suðurenda lags - magnið minnkar í suður
16	D	Allt að 5 cm þykkt lag af smáu beinarusli. Úrkast af beinum - langmest fiskibeinum. Skeljar, kuðungar og þang?
17	D	Dökkbrúnn fremur gróft malablandað lag. Torflegt, hrún? Skeljasandssmit (<1%), brennd bein (<1%), kolaagnir (<1%)
18	D	Rauðgulbrún mold með torfrusli. Brennd bein (<2%) skeljabrot (<1%) og kolamolar (<1%)
19	E	Torfhrun? Brúnt með rauðum blæ. Sendið með smáum vólum. Brenndur viður (<10%), brennd bein (<5%), óbrennd bein (<2%), kol (<5%).
20	E	Blandað lag undir grasrót, sendið og svartleitt. Bein (<2%) , kol (<5%)
21	E	Rauðleit hreyfð mold efst en verður svarleitara og líkara [019] á neðri hluta, en einsleitara og hreinna. Torfblendingur.
22	E	Sendið svartleitt lag með brúnum flekkjum. Dreif af stórum viðarbrotum (<10%), brennd bein (<5%), óbrennd bein (<2%).
23	E	Rauðleitur hreinn en hreyfður jarðvegur. Einstaka óbrennt bein (<1%).
24	E	Móösku og kolalag
25	A-H	Óhreyft. Fokmold og sjávarmöl

26	F	Mjög blandað lag, svartleitt. Í því eru skeljabrot, grús, 19.aldar leirkersbrot og óbrennt beinarusl (<2%). Mjög líkt [002].
27	F	Skeljasandsblönduð mold og óbrenndar beinaleifar mjög fúnar (<1%)
28	F	Ljósbrún mold, hreyfð og í laginu eru kolaagnir.
29	G	Blandað dökkbrúnt lag(grús, bein, skeljar, 19. aldar leirkersbrot). Mjög raskað
30	G	Grjóthleðsla
31	G	Leirkennt lífrænt (feitt) svartleitt lag. Í því kol og bein (brennd og óbrennd). Óskuhaugur?
32	G	Blanda af steinum, skeljasandi og mold. Við litla bæjarhólinn 038.
33	H	Fylling í gryfju [034], innihélt seinni hluta 19.- 20. aldar leirkersbrot.
34	H	Gryfja fyllt með [033]
35	H	Mannvistarlag. Torfsneplar, kolaflekkir, móöskuflekkir.
36	H	Steinaröð.
37	H	Mannvistarlag. Torfsneplar.
38	H	Kolalag með beinum.